

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 — 1982

4. nóvember 1982.

1139

Nr. 615.

REGLUGERÐ

um flugvallagjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

2. gr.

Flugvallagjald skal vera 250 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálf gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

3. gr.

Flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald er nemi 18 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en tólf ára. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálf gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þótt millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

4. gr.

Um innheimtu, ábyrgð, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd samkvæmt reglugerð þessari gilda ákvæði laga nr. 8/1976 um fluvallagjald með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 18/1980, öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1983. Frá sama tíma fellur reglugerð nr. 683/1981 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. nóvember 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg